



Alþingi 2.11.2018

Málsnr.: 1809336  
Málalykill: 0.34.5



173 mál

Minnisblað: Djúpavogshreppur  
Dagsetning: 2. nóvember 2018  
Dreifing: Umhverfis- og samgöngunefnd  
Frá: Sveitarstjórn Djúpavogshrepps

Á fundi sveitarstjórnar Djúpavogshrepps 18. október 2018 var bókað eftirfarandi:

*Sveitarstjórn Djúpavogshrepps lýsir vonbrigðum sínum með Samgönguáætlun 2018 – 2033, fjárveitingum til fjórðungsins í heild, og sérstaklega aðgerðaáætlun 2019-2023.*

*Á nýliðnum aðalfundi SSA var, líkt og undanfarin ár, einhugur um að heilsársvegur um Öxi væri í forgangi nýframkvæmda í vegagerð á Austurlandi. Um er að ræða 18 kílómetra langan vegarkafila sem stytir leiðina milli Reykjavíkur og Egilsstaða um 71 km miðað við þjóðveg nr. 1 með fjórðum. Hönnun vegarins er lokið og beðið hefur verið í 10 ár eftir að framkvæmdir geti hafist. Vakin er sérstök athygli á því að Axarvegur er eina verkefnið sem er ólokið af þeim 11 sem ákveðið var að ráðast í árið 2007 sem hluta af mótvægisáðgerðum vegna niðurskurðar aflaheimilda og það er algerlega óásættanlegt að þurfa nú að biða í allt að aldarfjórðung til viðbótar. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps skorar á þingmenn að breyta samgönguáætlun á þann veg að hún endurspegli vilja íbúa á Austurlandi og að tryggt verði fjármagn til að hefja framkvæmdir við Axarveg á næstu fjórum árum.*

## Djúpavogshreppur

Heimilisfang  
Bakki 1  
765 Djúpivogur

Sími  
470 8700

Bréfasími  
478 8188

Netfang  
djupivogur@djupivogur.is

Veðsída  
djupivogur.is

Kennitala  
570992-2799